

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð rafiðngreina	
Starfsheiti	Rafvélavirki	Löggilt iðngrein
Dagsetning	1. júlí 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalyfing:

Rafvélavirki starfar við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og eftirlit með rafbúnaði, til vinnslu og dreifingar á raforku, raftækjum og rafkerfum. Hann vinnur á verkstæðum, í nýbyggingum, farartækjum á sjó og landi, heild- og raftækjaverslunum, orkufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og iðjuverum. Rafvélavirki annast raflagnir og eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla í byggingum, skipum og bátum. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri raflagna-, rafvéla- og sáturteikninga, skipuleggur og teiknar upp snúð- og sáturvöf og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Rafvélavirki notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði. Hann þekkir til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa. Hann hefur haldgóða þekkingu á segulvöfum og vindingaaðferðum rafvéla og spenna, mótar og vindur snúð og sáturvindingar rafvéla og beitir mælitækjum sem leiða í ljós ástand þeirra. Hann kann skil á aðvörunarkerfum við aflvélar ásamt spennu- og hraðastýringum fyrir rafvélar. Rafvélavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum, hann vinnur ávallt samkvæmt gildandi öryggisstöðlum.

Hæfnikröfur:

Annast raflagnir og eftirlit með raflögnum, rafvélum og rafbúnaði í byggingum og farartækjum á sjó og landi, í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla.

Þekkir búnað og annast uppsetningu og viðhald hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa og stýribúnaðar á heimilum og í fyrirtækjum.

Veitir þjónustu og annast viðhald rafvéla og raftækja ásamt nýlögnum og rekstri rafkerfa í farartækjum á sjó og landi.

Les raflagna- og sáturteikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds rafbúnaðar og útskýrir virkni búnaðarins út frá teikningunum.

Hann skipuleggur og teiknar upp snúð- og sáturvöf og magntekir og vinnur verkáætlanir út frá teikningunum. Þá mótar hann og vindur snúð- og sáturvöfrafvéla.

Hefur haldgóða þekkingu á segulvöfum og vindingaaðferðum rafvéla og spenna og þekkir vel spennustýringar og varnarbúnað rafvéla.

Hefur grunn tölvuþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði og þekkir helstu hugtök er varða lýsingartækni og getur reiknað út lýsingarþörf við mismunandi aðstæður.

Notar viðeigandi mælitæki við störf sín, framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði og raflögnum og ástandsskoðar snúð- og sáturvöf.

Tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnaráðstafanir í rafiðnaði og þekkir eftirlitsstofnanir og hlutverk þeirra vegna eftirlits og öryggismála.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Hann tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega, s.s. með verkdagbókum, vinnuseðlum og skýrslum.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir grein fyrir hlutverki þeirra.